



Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2023

Mál nr. 2006105


Efni: Uppgjör lífeyrisskuldbindinga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Á stjórnarfundum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar þann 18. september 2023 var samþykkt tillaga að uppgjöri skuldbindinga á móti skuldabréfa sem Reykjavíkurborg greiddi til sjóðsins við sölu á eignarhlut sínum í Landsvirkjun.

Óskað er eftir að Reykjavíkurborg samþykki meðfylgjandi tillöguna en áhrif hennar er að fjárflæði frá borginni til sjóðsins lækkar um 1,2 ma.kr á ári og heildareignir á móti heildarskuldbindingum verða nánast engar við lokun hans.

Hjálögð tillaga stjórnar sjóðsins

Virðingarfyllt,



Gerður Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri



Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar
Sigtún 42
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2023

Mál nr. 2006105

Efni: Tillaga að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga Reykjavíkurborgar

Þann 1. nóvember 2006 var undirritaður samningur um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Andvirði eignarhlutans var að stærstum hluta greitt með skuldabréfum með breytilega vexti. Þann 10. júlí 2007 afhenti Reykjavíkurborg Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar skuldabréfin að fjárhæð 23,9 ma.kr., en um var að ræða 118 bréf á 200 m.kr. og eitt bréf á 337,6 mm.kr.

Við móttöku bréfanna, á sínum tíma, var andvirði þeirra ekki ráðstafað á móti tilgreindum skuldbindingum sjóðsins. Á árinu 2020 var tekið fyrsta skrefið að ráðstafa þessari eign á móti skuldbindingum og samþykkti Reykjavíkurborg tillögu stjórnar sjóðsins um uppgjör á skuldbindingum Leikskóla Reykjavíkur kt. 530278-0189 og skuldbindingum Velferðarsviðs Reykjavíkur kt. 440472-0609 samtals að fjárhæð 18,9 ma.kr. Varkárnissjónarmið voru höfð að leiðarljósi við uppgjörið enda var ljóst á þeim tíma að breytingar væru í vændum á forsendum reiknigrunns um lífslíkur sem hefði þau áhrif að auka skuldbindingar lífeyrissjóða.

Nýjar forsendur reiknigrunns um lífslíkur tóku gildi í lok árs 2021 þegar Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga en breytingarnr ganga út á að reikna lífslíkur út frá spám sem byggja á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni.

Þrátt fyrir framangreindar breytingar stendur sjóðurinn vel en samkvæmt tryggingafræðilegri athugun fyrir árið 2022 og ársreikningi sjóðsins fyrir sama ár nema heildareignir umfram skuldbindingar 15,5 ma.kr. Að mati stjórnar er kominn tími til að taka næsta skref að ráðstafa framangreindri eign á móti skuldbindingum borgarinnar.

Tryggingafræðileg staða 31.12.2022

	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	87.179,6		87.179,6
Endurmat	-1.225,4		-1.225,4
Viðbótariðgjöld		57.185,4	57.185,4
Núvirði iðgjalda		1.112,4	1.112,4
Samtals eignir	85.954,2	58.297,8	144.252,0

	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	105.207,4	2.471,8	107.679,2
Örorkulífeyrir	1.254,4	12,3	1.266,7
Makalífeyrir	16.843,8	230,8	17.074,5
Barnalífeyrir	1,1	1,2	2,3
Rekstarkostnaður	2.608,8	81,0	2.689,8
Samtals skuldbindingar	125.915,4	2.797,1	128.712,6

Eignir umfram skuldbindingar	-39.961,2	55.500,7	15.539,5
Hlutfall	-31,7%	1984,2%	12,1%

bls. 1 af 3



Tryggingastærðfræðingur sjóðsins, Bjarni Guðmundsson og framkvæmdastjóri sjóðsins leggja til að skuldbindingar eftirfarandi starfseininga að fjárhæð 14,8 ma.kr. verðar gerðar upp að fullu með framangreindum skuldabréfum.

Kennitala	Starfseining	Skuldbinding 31.12.2022
5901822069	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	57.295.062
5103681939	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur	61.060.201
4102891139	Þróttheimar, félagsmiðstöð	66.093.927
6402690229	Sundlaugar í Laugardal	68.697.724
6708850899	Foldaskóli	69.554.011
5206952069	Engjaskóli	71.535.722
6601694079	Innkaupa- og rekstrarsk Ráðhús	76.123.082
4102891059	Bústaðir, félagsmiðstöð	78.354.057
5803023780	Eignasjóður gatna	81.046.248
7003942559	Árbæjarlaug	83.084.814
4802697489	Námsflokkar Reykjavíkur	86.753.783
5711932569	Íþróttamiðstöðin Grafarvogi	93.132.783
4109810179	Sundlaug Fjölbautarsk. Breiðholti	94.202.826
5901824279	Melaskóli	98.612.869
4102891219	Frotaskjól, félagsmiðstöð	103.348.513
5111740159	Fellahellir, félagsmiðstöð	111.109.172
6208840309	Skólaskrifstofa Reykjavíkur	115.545.058
4906952229	Hitt húsið	118.756.613
6501024790	Skipulags og byggingasvið Rvík	120.308.738
5901822229	Borgarskjalasafn Reykjavíkur	152.793.349
5101820499	Frístundamiðstöðin Ársel	172.609.899
5901891039	Gatnamálastofa-rekstur/viðhald	287.836.920
5701690849	Gjaldheimtan í Reykjavík	703.709.331
4801693529	Borgarspítali 55,17% (áður uppgert 44,83%)	8.005.618.413
5311952999	Sjúkrahús Reykjavíkur 55,17% (áður uppgert 44,83%)	698.178.148
4801697009	Borgarbókasafn Reykjavíkur	710.287.835
5007962359	Menntasvið Reykjavíkur	923.461.968
5704800149	Reykjavíkurborg - eignarsjóður	1.447.166.869
	Samtals	14.756.277.936

Viðbótariðgjöld vegna hlutdeildar í greiddum lífeyrir vegna framangreindra starfseininga eru um 96 m.kr á mánuði. Áhrif uppgjörnsins á fjárhag sjóðsins er að greiðslur frá Reykjavíkurborg til sjóðsins lækka um 1,2 ma.kr. á ári og að eignir við slit sjóðsins verða um 656 m.kr. en ekki 15,5 ma.kr.



Miðað við þetta uppgjör nái fram að ganga þá er tryggingafræðileg staða sjóðsins miðað við árslok 2022 þessi:


Tryggingafræðileg staða 31.12.2022 miðað við uppgjör skuldbindinga

	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bóktærð eign	87.179,6		87.179,6
Endurmat eigna	-1.225,4		-1.225,4
Viðbótariðgjöld launagreiðenda		42.302,1	42.302,1
Núvirði iðgjalda		1.112,4	1.112,4
Samtals eignir	85.954,2	43.414,4	129.368,7

	Áunnið	Framtíð	Samtals
Eilífeyrir	105.207,4	2.471,8	107.679,2
Örorkulífeyri	1.254,4	12,3	1.266,7
Makalífeyri	16.843,8	230,8	17.074,5
Barnalífeyrir	1,1	1,2	2,3
Rekstarkostnaður	2.608,8	81,0	2.689,8
Samtals skuldbindingar	125.915,4	2.797,1	128.712,6

Eignir umfram skuldbindingar	-39.961,2	40.617,3	656,1
Hlutfall	-31,7%	1452,1%	0,5%

Reykjavík, 18. september 2023


Gerður Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri



Umsögn

Efni: Tillaga að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga 2023
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir liggur tillaga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga á móti skuldabréfum sem Reykjavíkurborg greiddi til sjóðsins við sölu á eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Tillagan felur í sér að greiðslur Reykjavíkurborgar til sjóðsins lækka um 1,2 ma.kr. á ári og að heildareignir á móti heildarskuldbindingum verða nánast engar við lokun hans.

Í dag greiðir Reykjavíkurborg viðbótariðgjöld til sjóðsins sem nema 74% af greiddum lífeyri. Viðbótariðgjöldin eiga að tryggja að sjóðurinn geti mætt skuldbindingum sínum til framtíðar. Í tryggingafræðilegri athugun fyrir árið 2022 og ársreikningi sjóðsins kom fram að sjóðurinn stendur vel og að heildareignir nema 15,5 ma.kr. umfram skuldbindingar. Að öðru óbreyttu mun óbreytt fyrirkomulag leiða til eignasöfnunar hjá LsRb umfram skuldbindingar sem er langt umfram eðlilegar kröfur og á sér enga stoð í lögum eða samþykktum LsRb. Megintilgangur þessarar tillögu er að draga úr endurgreiðslum borgarsjóðs til LsRb þannig að eignir við slit sjóðsins verði 656 m.kr. en ekki 15,5 ma.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt erindið og leggur til að það sé samþykkt og vísað til afgreiðslu borgarstjórnar. Vakin er athygli á því að tillagan hefur engin áhrif á bakábyrgð Reykjavíkurborgar á skuldbindingum LsRb. Þá er einnig vakin athygli á því að tillagan hefur ekki áhrif á gjaldfærslu í rekstri A-hluta vegna lífeyrisskuldbindinga. Sjóðstreymi A-hluta styrkist hins vegar sem nemur 1,2 ma.kr. á ári og hefur það jákvæð áhrif á lántökupörf borgarsjóðs.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.